

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. desember 2015  
2015120002/42-2  
TB  
jgo/tb

### Dimmagljúfurvirkjun í Hafralónsá í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknaleyfi vegna áforma um virkjun í Hafralónsá, Dimmagljúfurvirkjun.

Í umsókn Arctic Hydro er svo að segja óskað eftir alhliða rannsóknaleyfi. Rannsóknnum er ekki raðað í tímaröð og jafnvel gert ráð fyrir að þær verði nægjanlegar fyrir mat á umhverfisáhrifum þó hvorki liggi fyrir möguleikar til virkjunar og stærð hennar, staðsetning, rennslismælingar, eignarhald (eða leyfi landeigenda?), nýtingarleyfi o.s.frv. Ekki hefur verið fjallað um þennan virkjunarkost í rammaáætlun skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Í framangreindri umsókn kemur fram að litlar sem engar upplýsingar eru til um náttúrufar svæðisins og ekki er vísað til heimilda hvað það varðar Náttúrufræðistofnun telur að fara eigi með ákvarðanir um rannsóknaleyfi vegna Dimmagljúfurvirkjunar í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011 og að tryggt verði að engin röskun, þ.m.t. vegna utanvegaaksturs, verði á landi vegna rannsókna. Einnig bendir stofnunin á að skoða þarf ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 t.d. 57. gr. laganna um vernd jarðminja, vistkerfa, vistgerða og tegunda. Jafnframt má benda á að fálki verpur innan rannsóknasvæðisins og að tegundin er friðuð, sjá lög nr. 64/1994 og reglugerð nr. 456/1994. Verði tryggt að rannsóknir valdi ekki raski á náttúru svæðisins gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að rannsóknaleyfi verði veitt á fyrrgreindum forsendum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

